

Jólaskraut – lítill púði með þæfðri mynd.

Kennsluáætlun 2.-3. bekkur

Markmið:

Þjálfist í að klippa og sauma saman tvö stykki

Læri hvernig eigi að umgangast og beita verkfærum í textílstofu

Þjálfist í að þræða grófa nál

Undirmarkmið:

Læri þurrþæfingu með nál og svamp undir.

Þjálfist í notkun skapalóns.

Þjálfist í að nota sníðaskæri til að klippa efni.

Þjálfist í notkun saumavélar –

Sikksakk meðfram brún. Stilling: sikksakk 5, sporlengd 1,5

Bakka í byrjun og í enda til að festa tvinna.

Nemendur læra notkun þurrnálar í þæfingu, nota strigaefni, ullarkembu í jólalegum litum, t.d. rauðum, grænum, gulum. Leggja efni tvöfalt saman, teikna hring eftir skapalóni með merkipenna á annað efnið og klippa efni tvöfalt. Teikna eftir skapalóni mynd til að þæfa. Sauma saman í saumavél með sikksakk.

Innlögn. Sýna nemendum verkefni dagsins, útskýra hvernig er gert og fara ítarlega yfir allt, notkun skapalónsins, hringurinn, velja skapalón til að þæfa tré, jólakúla, jólasokkur eða stjarna og sýna hvernig er teiknað, sýna næsta skref, þurrþæfingu með nál og útskýra svo hvað er næsta skref eftir það, sauma í saumavél og þræða nálina. Sýna sýnishorn þannig að nemendur sjái hvernig ullin á að þæfast þétt/flöt í myndina sem þau völdu.

Gott að nota ípadmyndavélina og tengja við skjáinn svo að allir sjái vel. Það þarf að fara mjög vel yfir hvernig er best að nota þurrnálinna, passa að gera ekki of fast ofan í svampinn og muna að setja einfalt efni yfir svampinn og geyma hitt til hliðar á meðan myndin er þæfð. Meðfram línunni sem þau teikna er gott að setja nálina á hlið inn í áttina á miðjunni til að það myndist ekki „laus“ brún í ullinni eða með öðrum orðum til að fá góða línu í ullina og ullin gangi inn í efnið frá brúninni.

Þetta er góð þolinmæðisvinna og gæti reynst einhverjum erfitt að klára þannig að myndin sé nokkuð flöt en ekki loðin. Mikilvægt að brýna fyrir nemendum að maður megi ekki leika sér með þessar nálar því þær eru beittar og geti auðveldlega stungist í putta ef ekki er farið varlega. Sýna að hafa puttana aðeins frá nálinni og einbeita sér vel að því hvernig maður notar nálina og heldur við efnið með hinni hendinni.

Þegar þurrþæfingin er búin er sett örlítið af tróð inn í efnið tvöfalt og sikksakkað í saumavélinni með hvítum eða rauðum tvinna. Saumað allan hringinn með tróðinni innan í, notað títiprjóna eftir því sem þarf.

Því næst er sett band í skrautpúðann og nemendur þræða grófa nál og stinga í gegnum fyrir miðju ofan við jólamyndina sem þau settu á skrautið. Merkja með nafni á límmiða aftan á púðana þegar nemandi er búinn.



Svampur og þurrnál